



# Námsáætlun

**DANS2lo05 vorönn 2021**

**Kennarar: Edith E. Unnsteinsdóttir** [edith@fg.is](mailto:edith@fg.is)

## **Markmið:** Þekking, leikni og hæfni

Í áfanganum er lögð áhersla á að orðaforði og lesskilningur nemenda verði aukinn og hlustun og tal þjálfað svo að þeir geti tjáð sig skriflega og munnlega um undirbúin efni. Þeir eiga einnig að vera færir um að skilja venjulegt talað og ritað mál almenns eðlis. Nemendur eru þjálfaðir í framburði og læra að beita undirstöðuatriðum málfræðinnar. Dönsk menning er kynnt og áhugi á henni vakinn.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- danska menningarsvæðinu og hvernig danska nýtist á norræna menningarsvæðinu almennt
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum áfangans
- grundvallarþáttum málkerfisins

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrulega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni
- taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita
- segja frá með því að beita orðaforða, málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

### Hæfniviðmið

- fylgjast með frásögnum um almenn efni
- ná aðalatriðum úr fjölmiðlum og nýta sér þau, þegar fjallað er um kunnugleg efni
- tileinka sér aðalatriðin í styttri textum og nýta á mismunandi hátt
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi
- ráða við mismunandi aðstæður í almennum samskiptum um kunnugleg efni
- útskýra og rökstyðja skoðanir sínar
- miðla eigin þekkingu og skoðunum á efni, sem hann hefur kynnt sér
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag



## Kennslugögn:

- Efni fengið frá kennara.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
<b>Lota 1</b>			
01. 24.-26. feb.	Artikel - Fra Reykjavik - Classroom Núþálegar sagnir - Classroom L: Þáttur 1+ verkefni		
02. 1.-5. mars	Artikel - At blive udvekslingsstudent - Classroom Regl + óregl. sagnir - Classroom L: Þáttur 2+ verkefni	<b>Flipgrid: Munnlegt verkefni 5% - Udvekslingsstudent - sjá á Innu</b>	
03. 08-12. mars	Artikel - Gymnasiet er ovre - Classroom Regl+óregl. sagnir - Classroom L: Þáttur 3+verkefni	<b>Ritun 6% - Hvad skal jeg lave efter gymnasiet - sjá á Innu</b>	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Artikel - Pause efter gymnasiet hitter - Classroom Ritunaræfingar nt/pt/nlt - Classroom L: Þáttur 4 + verkefni	<b>Málfræðiverkefni 10% - Sagnir - Sjá á Innu</b>	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	L: Þáttur 5 + Verkefni	<b>Lotupróf 1 20%</b>	Miðannarmat
<b>Páskafrí - 29. mars-6. apríl</b> 🥰			
<b>Lota 2</b>			
06. 07.-09. apríl	Smásaga 1 - Alene + verkefni - Classroom Nafnorð - Classroom L: Þáttur 6 + verkefni	<b>Smásagnaverkefni 3% - Nearpod - sjá nánar á Innu</b>	Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Smásaga 2 - Kloen + verkefni - Classroom L: Þáttur 7 + verkefni	<b>Smásagnaverkefni 3% - Nearpod - sjá nánar á Innu</b>	



08. 19.-23. apríl	Smásaga 3 - Gå ikke op + verkefni - Classroom L: Þáttur 8 + verkefni	<b>Smásagnaverkefni 3% - Nearpod - Sjá nánar á Innu</b>	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	L: Þáttur 9 + verkefni Blaðagreinar og fleira	<b>Málfræðiverkefni 5% - Nafnorðakönnun – Google classroom)</b>	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	L: Þáttur 10 + verkefni Undirbúningstími fyrir lotupróf		
11. 10.-14. maí	Undirbúningstími fyrir munnlegt próf	<b>Lotupróf 2 20%</b>	Uppstigningardagur 13. maí <b>Skil á vinnuhefti úr Lærkevej 5% 14.05.</b>
12. 17.-18. maí		<b>Munnlegt verkefni Lærkevej 10% - í tíma</b>	

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrpróf 21. maí.

## Námsmat:

Lotupróf 40% (meðaleinkunn úr lotuprófum þarf að vera 4,5)

Málfræðiverkefni 15% (10% könnun úr sögnum - 5% könnun úr nafnorðum)

Munnlegt verkefni 5% (En snap fra mig - Flipgrid)

Smásagnaverkefni 9% (3x Nearpodverkefni úr smásögnum)

Ritunarverkefni 6% - Hvað skal jeg lave efter gymnasiet?

Lærkevej 25% - (Skriflegt - og munnlegt próf, ásamt vinnuhefti 5%)



Til að nemandi standist áfangann verður meðaleinkunn lotuprófa að vera minnst 4,5 og lokaeinkunn áfangans 5, sem reiknuð er úr öllum námsþáttum. **Áfanginn er lokaprófslaus.** Verði nemandi uppvís að svindli fær viðkomandi 0 í einkunn.

**Skil verkefna:** Öllum verkefnum skal skila á tilgreindum dögum (sjá nánar á Innu) og skriflegum verkefnum oftast **í gegnum Turnitin, ekki er þá tekið öðruvísi við þeim.** Öllum verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Eftir þann tíma verður **ekki** tekið við þeim. Ef upp koma vandamál skulu nemendur hafa samband við kennara, t.d. með tölvupósti.

**Ekki verður tekið við verkefnum í gegnum tölvupóst.**

**Annarpróf á að taka á tilsettum tíma.** Ef nemandi missir af lotuprófi þarf nemandi að vera með skráð veikindi/leyfi í Innu. Námsmatsdagar verða nýttir til sjúkraprófa.

**Smiðja:** Í smiðju geta nemendur unnið að skilaverkefnum áfangans undir handleiðslu kennara og leitað almennrar aðstoðar við námið.

## Mikilvægt:

- Nemendur með sértæk vandamál/erfiðleika hafi samband við kennara í upphafi annar.
- Nemendur skulu fylgjast með tilkynningum varðandi t.d. daglegt skipulag, próf og heimaverkefni á Innu.
- Vinnuframlag nemenda: Vinna í 5 eininga áfanga á að samsvara 90-120 klst. á önn. Þar af eru 36-56 klst. fyrir utan skólastofuna í heild eða 3,5 klst. á viku að meðaltali.



**Gagnlegir tenglar:**

- Ókeypis norræn netorðabók isl/dön: [www.islex.hi.is](http://www.islex.hi.is), [www.snara.is](http://www.snara.is)
- Ókeypis netorðabók dön/dön: <http://ordnet.dk/ddo/> (Den Danske Ordbog),
- Framburður: <http://www.danskabc.dk/>

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með von um gott samstarf á önninni.

*God arbejdslyst!*